

Hafnarfjarðarbær
Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði



Reykjavík 8. mars 2016

EFNI: World Scout Moot á Íslandi

Bandalag Íslenskra skáta hefur tekið að sér að halda heimsmót skáta á aldrinum 18-25 ára, World Scout Moot 2017, skammstafað WSM 2017. Mótið fer fram daganna 24. júlí til og með 2. ágúst 2017. Búist er við allt að 5.000 skátum á mótið auk u.þ.b. 1.000 sjálfboðaliða sem munu gegna margvíslegum störfum á mótinu. Áætlað er að rúm 80% þátttakenda komi frá um 80 löndum. Fyrstu daga mótsins þ.e. 25. – 29. júlí 2017 (þriðjudag til laugardags) munu þátttakendur dvelja á tjaldstæðum vítt og breitt um um sunnan- og vestanvert landið. Áætlað er að á hverju tjaldstæði verði um 200-400 skátar sem í raun haldi lítið alþjóðlegt mót með fjölbreyttri dagskrá tengdri útiveru, náttúru og menningu viðkomandi svæðis. Seinni hluta mótsins munu allir þátttakendur safnast saman við Útilífsmiðstöð skáta að Úlfljótsvatni þar sem haldin verður sérstök hátíð fyrir alla þátttakendur.

Það er trú mótshaldara að eftir miklu sé að slægjast að fá að hýsa tjaldbúðir fyrir mótsgesti þar sem jákvæð upplifun ungmenna hvaðanæva úr heiminum muni vera góð auglýsing fyrir viðkomandi svæði, auk þess sem svo mörgum gestum fylgir að sjálfsögðu töluverð umsvif og verslun. Að auki er hluti af dagskrá mótsins að hver og einn þátttakandi sinni samfélagsþjónustu 4 – 8 klst. á því svæði eða í sveitarfélagi sem tjaldsvæðið er, samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi sveitarfélag eða landeiganda.

Undirbúningur mótsins hefur þegar staðið yfir í fimm ár, enda um að ræða viðamesta verkefni sem skátahreyfingin á Íslandi hefur tekið að sér. Þar sem búist er við skátum frá öllum heimshornum með ólíkan menningarlegan bakgrunn, er undirbúningur mun viðameiri en ella og miklu skiptir að vandað sé til verka strax í upphafi.

Það er trú mótstjórnar að lykillinn að hnökralausum undirbúningi og farsælli framkvæmd mótsins sé gott samstarf við hagsmunaaðila. Mótsstjórn óskar því eftir að eiga fund með hlutaðeigandi á komandi vikum til þess að ræða nánar mögulegt samstarf og þjónustuverkefni sem skátarnir gætu innt af hendi.

Með von um gjöfult og gæfurík samstarf,

f. h. Stjórnar Bandalags íslenskra skáta og Mótstjórnar World Scout Moot 2017

Bragi Björnsson, skátahöfðingi

Hrönn Pétursdóttir, mótsstjóri